



Skólaheimsóknir í Bláfjöll

Opnunartími fyrir hópa er frá kl 10:00

Mikilvægt er að allir kennarar/forráðaaðilar sem koma með í ferðina kynni sér þetta skjal.

Upplýsingar um færð og opnun Einar Bjarnason s: 898-6021

Þegar hópar mæta í Bláfjöll skal ekki hleypa hópnum út úr rútunni fyrr en starfsmenn skíðagæslunnar hafa komið og rætt við hópinn svo auðvelt sé að miðla upplýsingum til allra áður en haldið er af stað í brekkurnar.

Þegar hópar mæta og búið er að ganga frá miðakaupum býður skíðagæslan upp á örfund þar sem farið er yfir helstu mál er varða örugga skíðaiðkun. Við hvetjum kennara og forráðaaðila til þess að mæta því mikilvægt er fyrir ykkur að vita hvernig best er að leiðbeina krökkum til þess að koma í veg fyrir slys.

Lyftur og opnunartími

Eftirfarandi lyftur eru opnaðar; Patti broddgöltur (kaðallyfta), Töfrateppið (færiband), Amma mús (diskalyfta), Hérastubbur bakari (diskalyfta). Þessar lyftur eru allar ætlaðar byrjendum og eru staðsettar nálægt Bláfjallaskála.

Einnig eru opnaðar Lilli klifurmús (diskalyfta) og/eða Mikki refur (diskalyfta) eftir aðstæðum (m.t.t. snjólaga og vinds). Þessar lyftur henta þeim sem hafa meiri færni á skíðum og krefjast skíðaleiðir frá þeim að þeir sem í þær fari kunni að beygja og stöðva. Lilli Klifurmús er staðsettur í göngufæri frá skála en best er að komast í Mikka ref með því að fara upp með Ömmu mús eða Hérastubbi bakara. Frá endastöð þessara tveggja lyfta sést vel á suðursvæði og þar er Mikki refur fyrsta lyfta sem komið er að og er í göngufæri.

Að fenginni reynslu er Kóngurinn ekki opnaður fyrr en kl. 13:30 fyrir hópa, ef aðstæður leyfa en oft er mikill munur á vindstyrk niðri og uppi á toppi. Með þessum hætti hefur tekist að minnka slysatíðni

vegna hópa um 80-90%. Þannig gefst þeim sem óvanir eru tími til að skerpa á tækninni og öðlast öryggi til þess að fara í þær skíðaleiðir sem liggja frá endastöð Kónsins. Hér er hægt að sjá kort af skíðaleiðum <http://skidasvaedi.is/blafjoll/svaedi/>

Veitingasalurinn opinn

Salurinn í Bláfjallaskála er laus til afnota fyrir hópa frá kl. 10:00 gegn því skilyrði að skilið sé við hann eins og komið var að honum, mikilvægt er að forráðaaðilar/kennarar sjái til þess að hópurinn taki til eftir sig og hendi rusli. Almenn veitingasala í salnum opnar þó ekki fyrr en kl. 12:00. Almenn snyrtimennska skal vera höfð í fyrirrúmi og jafnframt þarft að deila honum með almenningi þegar hann mætir. Efri hæð salarins er almennt ekki opin fyrir hópa nema brýna nauðsyn beri til. Leyfilegt er fyrir hópa að koma með nesti og neyta í salnum.

Greiðslufyrirkomulag

Forráðaaðili sækir öll lyftukort í einu og greiðir fyrir þau hjá starfsfólki skrifstofu, ef þeim er skilað heilum fást þau án endurgjalds. Fyrir kort sem skila sér ekki eða kort sem brotna er rukkað **1.700kr. fyrir hvert kort.** Nánari upplýsingar um verð og lyftukort eru gefnar í síma 530-3002.

Best er að forráðaaðili/tengiliður gefi sig strax fram við starfsfólk á skrifstofu sem svo afgreiðir lyftukort fyrir allan hópinn. **Reiknað er með að greitt sé fyrir hópa í einu en ekki að hver og einn greiði fyrir sig.** Einungis er hægt að greiða með korti, pening eða beiðni. Ekki er hægt að greiða með millifærslu né fá sendan reikning.

Ef upp koma slys

Upplýsingum um slys eða óhöpp viljum við geta komið fljótt áleiðis því er gott að skíðasvæðin hafi upplýsingar um hver eigi að taka við þeim. Í Bláfjöllum er skíða- og sjúkragæsla, ef nemandi slasast í fjallinu er hægt að leita til sjúkragæslunnar í Bláfjallaskála. Ef viðkomandi getur ekki komið sér sjálfur niður úr brekku er mikilvægt að láta lyftuvörð eða annað starfsfólk vita, sem kallar til sjúkragæslu. Gott er að gefa upp staðsetningu á einstaklingnum og lýsingu.

Leiga

Leigan er opin þegar von er á hópum. Í boði eru skíði, skíðaskór, bretti og brettaskór. Að gefinnri reynslu leigjum við ekki út skíðastafi fyrir hópa. Leigan hefur takmarkað magn af búnaði og til þess að reyna tryggja að sem flestir fái búnað sem þurfa **er skylt að fá uppgefin fjölda þeirra sem þurfa útbúnað.** Gott er að láta nemendur vita að ef að þau ætla að skipta um búnað þá kostar það 1.000 kr.

Sem dæmi ef þau leigja skíði en langar að skipta yfir í bretti kostar það 1.000 kr. aukalega.

Skíðasvæðin hvetja **alla einstaklinga** til þess að nota skíðahjálma. Leigan hefur takmarkað magn af hjálum og lána þá án endurgjalds. Hjálmar geta klárast þannig að ekki er hægt að treysta á að fá lánað. Við hvetjum þau sem eiga skíðahjálma að koma með þá sjálf.

Til þess að leigja þarf að gera eftirfarandi;

1. Allir einstaklingar sem leigja þurfa að skrá grunnupplýsingar um sig í tölvu (forskráning). **Nemendur þurfa að vita hæð, þyngd og skóstærð.** Reynst hefur vel að kennari/forráðaaðili aðstoði við þennan þátt. Það flýtir mjög fyrir skráningu og allir komast fyrr á skíði og verða ánægðari. Muna að prenta miða.
2. Starfsfólk leigunnar tekur við miðanum og nemandi greiðir fyrir búnað og fær nýjan miða.

3. Afhenda starfsfólki Bláfjalla miðann og þau finna búnað. **Með yngri nemendur er best að hafa kennara/forráðaaðila sem hjálpar þeim að máta skóna.**
4. Leigubúnaði skal svo skila aftur í leigu en ekki í kringum skálann.

Verðskrá fyrir skólahópa 2025-2026

Skólar innan höfuðborgarsvæðisins

Leiga	3.300 kr. + 1.700 kr. f.auka dag
Aðgangur 1 dagur	1.200 kr. 2 dagar 2.100 kr.

Framhaldsskólar innan höfuðborgarsvæðisins

Leiga	3.200 kr. + 1.650 kr. f.auka dag
Aðgangur 1 dagur	2.200 kr. 2 dagar 3.600 kr.

Forráðamenn hópsins geta fengið allt að 5 frímiða en borga sama og nemendur fyrir leigu. Bláfjöll lána hörð kort, en rukka fyrir þau kort sem ekki skila sér til baka í heilu lagi

Skólar utan höfuðborgarsvæðisins

Leiga	4.700 kr. + 2.300 kr. f.auka dag
Aðgangur 1 dagur	1.400 kr. 2 dagar 2.700 kr.

Framhaldsskólar utan höfuðborgarsvæðisins

Leiga	4.700 kr. + 2.300 kr. f.auka dag
Aðgangur 1 dagur	2.500 kr. 2 dagar 3.700 kr.

Forráðamenn hópsins geta fengið allt að 5 frímiða en borga sama og nemendur fyrir leigu. Bláfjöll lána hörð kort, en rukka fyrir þau kort sem ekki skila sér til baka í heilu lagi

ATH. Vert er að nefna að við lánum ekki skíðastafi til skólahópa.